



## Minnisblað um dagvistun og leikskólavist barna yngri en 2 ára

Öllum börnum með lögheimili í Reykjanesbæ sem verða tveggja ára á árinu 2021 hefur verið boðið leikskólapláss. Þegar hafa nokkrir leikskólar hafið aðlögun hluta þessa hóps. En stærsti hluti hópsins mun byrja í ágúst þegar sumarfrí leikskólanna lýkur.

Þeir leikskólar sem hafa ennþá laus pláss hafa boðið börnum fæddum 2020 leikskólapláss frá og með september/október og fram að áramótum. Það eru börn sem fædd eru í janúar – apríl 2020 og eru á aldursbilinu 18-20 mánaða. Þetta er ekki stór hópur barna, á bilinu 25-30 sem dreifast á þá 5-6 leikskóla sem hafa laus pláss.

Börn á aldrinum 1 árs til 2ja ára dvelja langflest hjá dagforeldrum áður en kemur að leikskóladvölinni. Starfandi dagforeldrar eru 20 í Reykjanesbæ og hefur fækkað um 3-4 í þeim hópi á síðustu tveimur árum. Borið hefur á að foreldrar ungra barna eiga erfitt með að fá pláss hjá dagforeldrum en með inntöku 18-20 mánaða barna í þá leikskóla sem það geta hefur það yfirleitt náð að ganga upp.

Til að geta boðið öllum börnum upp á leikskólavist er brýnt að setja í forgang að klára leikskólahluta Stapaskóla. Í bráðabirgðahúsnæði verða í haust 80 börn en í fullbyggðu leikskólahúsnæði Stapaskóla geta dvalið þar allt að 120 börn. Þegar er hafinn grunnundirbúningur að byggingu leikskóla í Hlíðarhverfi. En við það að taka þessa leikskóla í notkun væri hægt að fara af meiri krafti í inntöku yngri barna en gert er í dag.

Sú hugmynd hefur verið skoðuð í samráði við leikskólastjóra Garðasels að setja færanlega einingu við leikskólann og geta þá hafið inntöku barna á aldrinum 12-24 mánaða.

Tekið saman 11.maí 2021 af  
Leikskólafulltrúa fræðslusviðs